

Viðræður við sjúkling

Verkleg útskýring á draga fram-veita-draga fram aðferðinni



Árið 2002 kynnti vísindarannsókn¹ samskip-taðferð við sjúklinga sem veitti niðurstöður til að hjálpa læknum að takast á við erfiða ráðgjöf vegna útgáfu lyfseðla fyrir sýklalyf fyrir bráðar öndunarfærasykingar.

Þessi aðferð, kölluð „draga fram-veita-draga fram“, er aðferð þar sem einblínt er á sjúklinginn en er hægt að aðlaga að fjölmör-gum klínískum aðstæðum. Nýleg klínísk rannsókn^{2,3} sýnir að tilkoma ítarlegrar samskip-tahæfni sem grundvölluð er á þessari aðferð á heilsugæslustöðvum gefur læknum kost á að gefa út talsvert færri lyfseðla fyrir sýklalyf en sjúklingurinn er áfram sáttur, án þess að hafa áhrif á batatíma sjúklings og þann tíma sem fer í ráðgjöf.

Auk þess eru sannanir fyrir því að upplýstur sjúklingur hefur síður þörf fyrir endurkomu og sýklalyf vegna sýkingar í öndunarfærum⁴. Að nota upplýsingablöð fyrir sjúklinga á meðan ráðgjöf stendur getur aðstoðað við að viðhalda skilaboðum útgefanda lyfseðils og aukið fylgni sjúklings hvað varðar þá aðferð sem mælt er með til lengri tíma lítið.

Leiðbeinandi líkan að samtali við sjúklinga hér að neðan lagði til ákveðna aðferð sem þeir, sem gefa út lyfseðla á heilsugæslustöðvum, geta notað við sjúklingaráðgjöf vegna sýkinga í öndunarfærum og grundvallaða á draga fram-veita-draga fram aðferðinni:

1) Draga fram:

- Að fá upplýsingar um áhyggjur sjúklings varðandi sjúkdóms hans/hennar
- Að fá upplýsingar um væntingar sjúklings í kjölfar meðferðar

2) Veita:

- Veita upplýsingar um sjúkdóminn, þar á meðal þá staðreynd að líkami sjúklingsins muni með árangursríkum hætti sigrast á honum á eigin spýtur
- Veita upplýsingar um kosti og galla sýklalyfja og hættuna á sýklalyfjaónæmi
- Veita ráðgjöf um sjálfshjálp aðferðir
- Veita upplýsingar um væntanlega tímalengd sjúkdómsins
- Veita upplýsingar um einkenni sem krefjast endurkomu

3) Draga fram:

- Fá staðfest að sjúklingurinn hafi skilið og sé sammála umræddri aðferð

Samtal við sjúkling hér að neðan miðar að því að veita þeim sem gefa út lyfseðla á heilsugæslustöðvum leiðbeiningar og stuðning við að standast þrýsting frá sjúklingum um að fá sýklalyf sem og að efla viðeigandi notkun sýklalyfja meðal sjúklinga.

European Centre for
Disease Prevention
and Control (ECDC)
Tel: +46 (0)8 5860 1000
Email: EAAD@ecdc.europa.eu



¹Rollnick S, Kinnersley P, Butler C. Context-bound communication skills training: development of a new method. *Med Educ* 2002;36:377–83.

²Cals JW, Butler CC, Hopstaken RM, Hood K, Dinant GJ., Effect of point of care testing for C reactive protein and training in communication skills on antibiotic use in lower respiratory tract infections: cluster randomised trial, *BMJ*. 2009 May 5;338:b1374. doi: 10.1136/bmj.b1374.

³Cals JW, Scheppers NA, Hopstaken RM, Hood K, Dinant GJ, Goettsch H, Butler CC., Evidence based management of acute bronchitis; sustained competence of enhanced communication skills acquisition in general practice, *Patient Educ Couns*. 2007 Nov;68(3):270–8. Epub 2007 Aug 21.

⁴Francis NA, Hood K, Simpson S, Wood F, Nuttall J, Butler CC., The effect of using an interactive booklet on childhood respiratory tract infections in consultations: study protocol for a cluster randomised controlled trial in primary care, *BMC Fam Pract*. 2008 Apr 24;9:23.

Viðræður við sjúkling

Verkleg útskýring á draga fram-veita-draga fram aðferðinni

